

Kennsluáætlun í íslensku - 2.bekkur

2025-2026

Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsla í íslensku fer fram í lotum í aðalkennslu (sjá lotur á stundaskrá) ásamt tveimur kennslustundum í viku hverri.

Kennsluaðferðir:

Stafainnlögn: Í 1. Bekk lærðu börnin hástafina og nú munum við fara í lágstafina. Hver stafur er kynntur til sögunnar með teikningu á töflu og sögu / ævintýri. Nemendur teikna stafinn fyrst í loftinu eða búa hann til með líkamanum og skrá hann að lokum í vinnubækur. Við vinnum líka fjölbreytt verkefni tengd stöfunum í gegnum leik og skapandi vinnu.

Einnig verða lesnar sögur og ævintýri. Samhliða munum við ræða um efni og innihald, boðskap og fágæt orð. Aðrar kennsluaðferðir eru söngur, myndskreytingar, skrift o.fl.

Markmið:

Að nemendur

- þekki íslensku stafina, bæði hástafi og lágstafi og hljóð þeirra
- geti hlustað með athygli á frásagnir, rifjað upp og greint frá upplifun sinni
- tengi saman ævintýri, hluti og fyrirbæri í huga sér við einstaka stafi
- æfa sig í að teikna upp stafina og myndheim sagnanna
- æfi sig í að skrifa einfaldar setningar eftir forskrift kennara
- tileinki sér metnað fyrir því að að búa til vandaða vinnubók
- auki við orðaforða sinn og skilning
- læri söngva og vísur
- læri að lesa einfalda texta

Viðfangsefni:

Þjóðsögur, ævintýri og sögur um bókstafina.

Vísnaðætur og spil.

Námsmat:

Virkni og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Orðaforði og skilningur á íslensku máli.

Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.

Sjá má hæfniviðmið á vefsíðu skólans: waldorf.is